

## Efnisyfirlit:

1. INNIHALD OG TILGANGUR .....	3
1.2 Lög um leikskóla .....	3
1.3 Aðalnámskrá .....	3
1.4 Meginmarkmið leikskólastarfs .....	3
2. LEIKSKÓLINN .....	4
2.1 Starfsfólk leikskóla .....	4
2.2 Samsetning starfsmannahópsins .....	4
2.3 Starfsfólk leikskólans veturinn 2003-2004 .....	5
2.4 Yfirstjórn – rekstraraðili - samstarfsaðilar .....	5
3. LEIKSKÓLASTARF - STARFSGRUNDVÖLLUR .....	6
3.1 Lífsleikni .....	7
3.2 Daglegt líf í leikskóla .....	7
3.3 Að koma og fara .....	7
3.4 Matartímar .....	8
3.4 Svefn og hvíld .....	8
3.5 Hreinlæti .....	8
3.6 Samverustundir .....	8
3.7 Útivera .....	8
3.8 Hópasamvera - Vinnustundir .....	9
3.9 Val .....	9
3.10 Verkefni fyrir elstu börnin .....	9
3.11 Athuganir .....	9
4. NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA .....	10
4.1 Hreyfing .....	10
4.2 Málrækt .....	10
4.3 Myndsköpun .....	10
4.4 Tónlist .....	11
4.5 Náttúra og umhverfi .....	12
4.6 Menning og samfélag .....	12
4.7 Sérkennsla .....	13
4.8 Tengsl leikskóla og grunnskóla .....	13
5. MARKMIÐ OG ÁHERSLUR Í FORELDRASAMSTARFI .....	13
5.1 Að byrja í leikskóla - Aðlögun .....	13
5.2 Foreldrafundir og viðtöl .....	14
5.3 Foreldradagar .....	14
5.4 Foreldrafélag .....	14
5.5 Starf foreldrafélags .....	14
6. MAT Á LEIKSKÓLASTARFINU .....	15
6.1 Mat foreldra .....	15
6.2 Mat starfsfólks .....	15
7. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR .....	15
7.1 Fjöldi barna .....	15
7.2 Opnunartími .....	15
7.3 Viðtalstímar .....	15
7.4 Fjarvistir .....	15
7.5 Fréttabréf .....	16
7.6 Óskilamunir .....	16

7.7 Matseðill .....	16
7.8 Lögregla - slökkvilið .....	16
7.9 Leikskólagjöld.....	16
7.10 Ferðir.....	16
7.11 Frídagar.....	16
7.12 Fatnaður .....	16
7.13 Óhöpp - slys .....	17
7.14 Afmæli barnanna.....	17
7.15 Ársskýrsla – Leikskólanámskrá - Ársyfirlit.....	17

# 1. Innihald og tilgangur

Á grunni aðalnámskrár ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá þar sem gerð er uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma. Námskráin á að gefa í stórum dráttum heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans.

Starfið á Holti er í stöðugri þróun og endurskoðun, allt starfsfólk leikskólans kemur að þróun uppeldisstarfsins, stefna og starfshættir eru endurskoðaðir og metnir reglulega og markmið og leiðir þróaðar í samræmi við það.

Í aðalnámskrá leikskóla segir að hlutverk skólanámskrár sé að:

- ❖ Gera leikskólastarfið sýnilegra
- ❖ Veita yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla
- ❖ Gera leikskólastarfið markvissara og auðveldara
- ❖ Veita heildaryfirsýn yfir uppeldisstarfið
- ❖ Gefa starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því
- ❖ Gera nýliðum auðveldara að komast inn í starfið
- ❖ Auðvelda markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila

## 1.2 Lög um leikskóla

Samkvæmt lögum nr. 78/1994 bera sveitarfélög meginábyrgð á rekstri leikskóla. Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og sér um að fram fari mat á leikskólastarfi. Leikskóli er ekki skyldunám og hefur því nokkra sérstöðu sem fyrsta skólastigið.

## 1.3 Aðalnámskrá

Aðalnámskrá lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hún byggir á markmiðslýsingu laga um leikskóla, reglugerð um starfsemi leikskóla og uppeldisáætlun fyrir leikskóla frá 1993. Námskráin er leiðarvísir fyrir alla sem starfa við uppeldi og menntun barna í leikskólum og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra.

## 1.4 Meginmarkmið leikskólastarfs

Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

Leikskólauppeldi er sértækt uppeldi og mikilvæg viðbót við uppeldi foreldra.

Leikskólanám á að efla og örva mikilvægustu þroskaþætti barnsins og örva samspil þess þ.e.a.s. líkamsþroska, hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund.

## 2. Leikskólinn

Konum í Systrafélagi Njarðvíkurkirkju fannst mikil þörf á leikskóla í Innri-Njarðvík og ákváðu að ráðast í byggingu hans. Í samvinnu við bæjarstjórn Njarðvíkur var byrjað að byggja og komu margir hverfisbúar að því verki í sjálfböðavinnu. Þegar húsið var fokhelt afhentu Systrafélagskonur það bæjarstjórn sem lauk við bygginguna. Leikskólinn stendur í landi jarðarinnar Holts og var því ákveðið að hann bæri nafn hennar.

Leikskólinn Holt er staðsettur við Stapagötu í Njarðvík. Hann var formlega opnaður 15. mars 1985. Árið 2003 var byggt við leikskólann, öll aðstaða var bætt og skólinn stækkaður um tvær deildir. Nýbyggingin var tekin í notkun 2. janúar 2004. Leikskólinn er rekinn af Reykjanesbæ, einn af sjö leikskólum bæjarins. Grunnflötur húss er 598 fermetrar, lóðin er 5.129 fermetrar. Í leikskólanum eru fjórar deildir með 92 börnum á aldrinum tveggja til sex ára. Deildirnar eru aldurskiptar, þær heita Kot, Hlíð, Lundur og Laut. Í dag eru 20 starfsmenn starfandi við skólann og einn tónlistarkennari sem sér um tónlistarkennslu einn dag í viku og myndlistakennaranemi í hlutastarfi.

### 2.1 Starfsfólk leikskóla

**Leikskólastjóri** er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni.

**Aðstoðarleikskólastjóri** er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.

**Deildarstjóri** ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

**Leikskólakennarar og annað starfsfólk** vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á deildinni.

**Starfsmaður** starfar á deildum vegna sérkennslu við einstök börn.

**Matráður og starfsfólk í eldhúsi** sjá um matartilbúning.

**Ræstitæknar** sjá um þrif dag hvern.

**Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og bær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.**

### 2.2 Samsetning starfsmannahópsins

Í leikskólanum starfa 20 starfsmenn, hlutfall fagfólks er um 35%. Flestir starfsmennirnir hafa áralanga reynslu af leikskólastarfi, stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi og myndast hefur góður kjarni af öfluglu starfsfólki. Starfsmannahópurinn er samstilltur og meðal þeirra ríkir mikill metnaður og áhugi fyrir starfinu.

## 2.3 Starfsfólk leikskólans veturinn 2004-2005

Kristín Helgadóttir, leikskólastjóri

Elín Björk Einarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

### Kot:

Anna Sofia Wahlström, leikskólakennari, deildarstjóri

Anna Sigurðardóttir, leiðbeinandi

Dagný Helgadóttir, leiðbeinandi, sérkennsla

Sólrún Jensdóttir, leiðbeinandi

Sveinbjörg Júlía Símonardóttir, leiðbeinandi

### Hlið:

Sesselja Björnsdóttir, leikskólakennari, deildarstjóri

Ágústína Sigurgeirsdóttir, leikskólakennaranemi

Kristín Svala Sigurðardóttir, leiðbeinandi

Vala Rún Vilhjálmsdóttir, leiðbeinandi

Heiða Mjöll Brynjarsdóttir, leiðbeinandi

### Lundur:

Björk Snorradóttir, leikskólakennari, deildarstjóri

Laufey Bjarnadóttir, leikskólakennaranemi

Ólöf Elín Rafnsdóttir, leiðbeinandi

Sólrún Steinarsdóttir, leiðbeinandi

Erna Skúladóttir, leiðbeinandi

### Tónlistarkennari :

Geirþrúður Fanney Bogadóttir

### Myndlistaskáli:

Sara Dögg Gylfadóttir, kennaranemi.

### Eldhús:

Hulda Örlygsdóttir

Jóhanna Guðmundsdóttir

## 2.4 Yfirstjórn – rekstraraðili - samstarfsaðilar

Rekstraraðili er Reykjanesbær. **Leikskólafulltrúi** er yfirmaður leikskólanna, hann hefur yfirumsjón með rekstri og faglegu starfi leikskólanna. Leikskólafulltrúi hefur aðsetur á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. **Sérkennslufulltrúi** er starfandi við leikskólana, hann heldur utan um þau börn sem njóta sérkennslu í leikskólum og er faglegur ráðgjafi við starfsmenn leikskólans. Sérkennslufulltrúi hefur aðsetur á Fræðsluskrifstofu.

Á Fræðsluskrifstofu eru starfandi sálfræðingar og talmeinafræðingar sem sinna börnum í leikskólum eftir þörfum með ráðgjöf og greiningu.

Aðrir samstarfsaðilar eru m.a. aðrir leik- og grunnskólar bæjarins, Fjölskyldu og félagsþjónustan, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Greiningar- Ráðgjafarstöð ríkisins.

### 3. Leikskólastarf - starfsgrundvöllur

Leikskólastarf á Íslandi byggist á lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla sem er lögfest námskrá leikskóla. Leikskóli er lögum samkvæmt uppeldis- og menntastofnun, skóli þar sem börn læra og þroskast gegnum leik. Leikskólauppeldi er sértækt uppeldi og mikilvæg viðbót við uppeldi foreldra.

#### Í lögum um leikskóla nr. 78/1994, 2. gr. eru sett fram eftirfarandi meginmarkmið:

Að búa börnum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi.

Að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara.

Að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar.

Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna.

Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.

Að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra mest og best í gegnum leik. **Leikur barnsins í bernsku er eins og hvert annað nám sem leiðir af sér nýja þekkingu.** Fjölbætt reynsla elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og nýja leikni.

Á Holti gefum við leiknum gott rými, allt okkar starf fer fram í gegnum leik. Frjáls leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins, við bjóðum upp á val tvisvar sinnum yfir daginn. Í valinu leggjum við áherslu á frjálsan leik, þar velja börnin sér ákveðin svæði sem þau leika sér á, í það og það skiptið. Útísvæðið býður upp á skemmtilega möguleika fyrir frjálsa leikinn. Leikurinn er líf barnsins og starf.

Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Daglegar venjur eru mikilvægur hluti af uppeldisstarfi leikskólans. Þar gefast ótal tækifæri til náms og þroska. Með daglegum venjum er átt við fasta liði í dagskipulagi, s.s: máltíðir, hreinlæti, hvíld og að klæða sig úr og í. Börnin taka þátt í vinnunni og hjálpa sér sjálf, það eykur sjálfstæði þeirra. Daglegar venjur gefa uppeldisstarfinu reglubundið form sem skapar öryggi og festu í lífi barnanna í leikskólanum.

Í frumbernsku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna. Málörvun gengur eins og rauður þráður í gegnum uppeldisstarfið. Lögð er mikil áhersla á að börnin fái að tjá sig og hlusta á gott mál og að vel sé vandað val á bókum til lestrar fyrir börnin. Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta, tengir fólk saman og eflir samkennd þess.

Myndsköpun er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Sköpun barnsins byggist á skynjun þess og reynslu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin fái að tjá sig frjálst í myndsköpun og noti fjölbreytilegan efnivið og áhöld. Skapandi starf eflir alla þroskaþætti barnsins. Á Holti geta börnin valið listakrök í vali þar sem liggur frammi efni til myndsköpunar s.s : málning, litir, skæri, lím og ýmisleg verðlaus efni. Einnig geta þau valið leirkrök en þar boðið er upp á leikdeig. Í vinnustundum er mikið unnið við myndsköpun.

Tónlist og hreyfing er mikilvæg fyrir alhliða þroska barna ekki eingöngu sem þáttur í faguruppeldi heldur einnig til eflingar tilfinninga-, hreyfi- og vitsmunapróska. Tónlistaruppeldi í leikskólum felst í söng, hlustun, tónlistarþjálfun og hreyfingu. Tónlistin er rauði þráðurinn í öllu starfi leikskólans, oft á dag er sungið og tónlistin túlkuð í leik og tjáningu.

Tónlistarkennari starfar við skólann og fær hver hópur 30 mín. kennslustund á viku í tónlist.

### 3.1 Lífsleikni

“Lífsleikni byggist á alhliða þroska barnsins færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu” (Aðalnámskrá 1999)

Með því að vinna markvisst að uppeldismarkmiðum skólanámskrárinnar, vinnum við að því að börnin öðlist sem besta færni til að takast á við lífið sem framundan er í samskiptum við aðra.

### 3.2 Daglegt líf í leikskóla

Daglegt líf í leikskóla mótast af þörfum, og getu barnanna. Það myndar ramma um uppeldisstarfið í leikskólanum og skapar öryggi og festu sem eykur vellíðan barna og starfsfólks, börnin vita að hverju þau ganga. Fastir liðir svo sem matmálstímar, salernisferðir og að klæða sig úr og í skipa stóran sess í skipulaginu, ásamt námi og leik. Í daglegu lífi eins og í öllu starfi leikskólans er lögð áhersla á að örva alla þroskaþætti.

kl. 7:30	Leikskólinn er opnaður, róleg stund
kl. 8:00	Leikur / nám / Val
kl. 8:30-9:30	Morgunverður
kl. 10:00	Leikur / nám - vinnustundir, útivera, gönguferðir
kl.11:45	Matartími
kl.12:30	Hvíldartími
kl.13:00	Útivera
kl.14:00	Leikur / nám - vinnustundir, unnið í aldursskiptum hópum
kl.15:00	Nónhressing
kl.15:30	Samverustund
kl.16:00	Val, leikur / nám
kl.17:15	Leikskólanum er lokað

### 3.3 Að koma og fara

Í leikskólanum er lögð áhersla á að taka vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið. Mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma með barninu þegar komið er í leikskólann og einnig þegar það er sótt, svo barnið geti lokið við það sem það er að gera. Æskilegt er að foreldrar fylgi barninu inn á leiksvæðin. **Það er nauðsynlegt að**

**foreldrar láti starfsmann vita þegar þeir koma með barnið eða sækja það. Gott er að barnið mæti tímanlega í leikskólann svo það missi ekki af mikilvægum þáttum í leikskólastarfinu.** Ekki er tekið á móti barni á tímabilinu kl.11:30-12:45. Það er mjög mikilvægt að börnin séu sótt á réttum tíma, að fyrirfram ákveðinn dvalartími sé virtur.

### **3.4 Matartímar**

Mikil áhersla er lögð á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Matartímar hafa mikið uppeldislegt gildi. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Þegar börn og leikskólakennari sitja saman við matarborð gefst gott tækifæri til að styrkja góða borðsiði og að tala saman. Börnin leggja á borð og sækja matinn í eldhúsið. Þau sem hafa getu til skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt og ganga frá. Þetta er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfsbjargar.

### **3.4 Svefn og hvíld**

Að hádegisverði loknum er hvíld í leikskólanum, á yngri deildum sofna flest börnin á dýnum í leikstofu ásamt sínum kennurum. Þau börn sem nota snuð fá að hafa þau í hvíldinni einnig gæludýr. Hvíldartíma er lokið um kl. 13:00 en þau börn sem þurfa lengri hvíld sofa lengur og er sá tími ákveðinn í samráði við foreldra. Á elstu deildinni er börnunum skipt í hópa, börnin eiga rólega stund saman í litlum hópum, hlusta á sögu, skoða bækur eða hlusta á slakandi tónlist. Tvisvar sinnum í viku er hvíldartíminn nýttur til markvissrar málörvunar, þar eru unnin ákveðin málörvunarverkefni úr bókinni „Markviss málörvun.“

Svefn og hvíldartímar eru nauðsynlegir til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna.

### **3.5 Hreinlæti**

Börnunum er hjálpað til að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur eins og handþvott eftir salernisferðir, útiveru og fyrir og eftir máltíðir.

Yngri börnin hafa fasta salernistíma, þegar þau eldast og þroskast fara þau á salernið eftir þörfum. Yngstu börnunum er sinnt einstaklingslega, skipt er um bleiur og þau aðstoðuð eftir fremsta megni. Foreldri lætur starfsfólk vita hvenær barn þeirra á að hætta að nota bleiu og er þá komið á mót við þær óskir og unnið í samvinnu við foreldra að ná markmiðinu. Það er mjög einstaklingsbundið hvenær barn er tilbúið til þess.

### **3.6 Samverustundir**

Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og unnið með markvissa málörvun. Í samverustundum er hugað að félagsþroskanum og málörvunarþættinum. Börnin fá að tjá sig og læra að hlusta á aðra.

Samverustund er á hverjum degi: kl. 9:50, 12:30 og 15:30. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri. Þar gefst tækifæri til samræðna sem byggja á opnum spurningum og börnin hvött til að færa rök fyrir máli sínu, þar er kjörið tækifæri til að styrkja sjálfsmýnd og sjálfstraust barnanna.

### **3.7 Útivera**

Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst og býður upp á góða hreyfingu. Í útiverunni

gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Mikilvægt er að börnin séu klædd í samræmi við veður. Öll börn fara út á hverjum degi nema óveður eða mikið frost hamli því.

### 3.8 Hópasamvera - Vinnustundir

Markmið hópasamveru er að gera uppeldisstarfið markvissara og einnig gefst betra tækifæri til að sinna hverjum einstaklingi fyrir sig innan hópsins. Það er auðveldara að skapa samkennd meðal barnanna í litlum hópi. Þau finna til öryggis að vita að þau tilheyra alltaf sama hópnunum og sama stjórnanda. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska. Verkefni og vinnan eru miðuð við þroska hvers hóps. Unnið er samkvæmt könnunaraðferðinni “the project-approach”, aðferðin gengur út á að börnin rannsaki sjálf og komist að niðurstöðu og kennarinn skapi aðstæður. Í yngri hópunum er áhersla lögð á að læra að vinna saman í hóp. Eldri hóparnir vinna mikið með tónlist. Söngur og hlustun skipa veglegan sess í vinnustundum.

Vinnustundir eru kl. 10:00 og kl.13:15, hver hópur fer í vinnustund einu sinni á dag.

### 3.9 Val

Val er umgjörð um frjálsa leikinn þar sem börnin ákveða sjálf leiksvæði sem bjóða upp á ólíka möguleika og mismunandi viðfangsefni til að vinna við. Tvisvar sinnum á dag fá börnin að velja sér leikstað, þar sem hvert barn fær spjald með sínu nafni þau setja spjaldið við þann krók þar sem þau ætla að leika sér og geta síðan fært sig til ef þau vilja. Markmiðið er að efla sjálfstæði barnanna og efla flesta þroskaþætti ásamt því að vinna með einfaldan efnivið sem hvetur börnin til sköpunar, ímyndunar- og hlutverkaleikja. Efniviðurinn er t.d. leir, kubbar, pappír, lím, skæri, litir, teppi og slæður svo eitthvað sé nefnt.

Þeir krókar sem eru í boði á eldri deildum: leikstofa, tölvur, listakrókur, leirkrókur, spilakrókur, einingakubbar, hreyfing í sal og útivera.

Á yngri deildum: leikstofa, hlutverkakrókur, kubbar, púðar, teppi, listakrókur, málun, leikdeig og hreyfing. Á hverju svæði er kennari sem hefur umsjón með viðkomandi svæði, börnin geta gengið á milli svæða og prófað sig áfram.

### 3.10 Verkefni fyrir elstu börnin

Við bjóðum elstu börnunum upp á verkefni sem krefjast meiri einbeitingar en þau hafa áður fengið, en leggjum áherslu á að verkefni hæfi aldri og þroska barnsins. Við notum efnivið eins og “Ótrúleg eru ævintýrin” og ýmsar sögur sem hægt er að fjalla um á heimspekilegan hátt. Við förum í heimsókn í Njarðvíkurskóla, Tónlistarskólann og við lok skólagöngu förum við með skólahópinn í útskriftarferð og endum á tónleikum þar sem foreldrum og öðrum aðstandendum er boðið að koma og hlusta.

Hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskólans eru lagðar til grundvallar við gerð verkefnanna.

Markmiðið er að brúa bilið milli leik- og grunnskóla. Lögð er áhersla á að eiga saman skemmtilegar og fræðandi stundir.

### 3.11 Athuganir

Í leikskólanum gerum við reglulegar athuganir á þroska og líðan barnanna s.s.

- Staðlaðar aldursmiðaðar atferlisathuganir
- Mot - hreyfiþroska próf fyrir 4-6 ára börn
- Hljóm athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna

## 4. Námssvið Leikskóla

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfsins: leik, daglegri umönnun og almennt lífsleikni.

### 4.1 Hreyfing

Hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan og er því mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi sem og öðru uppeldi.

Á útisvæði er frjálst hreyfing, þar hlaupa börnin um tún og móa eins og þau vilja. Að ganga um í móanum er mikil þjálfun fyrir litla fætur. Við förum í gönguferðir um nánasta umhverfi og nýtum okkur móann til hins ýtrasta. Við leggjum áherslu á að öll börn njóti einhverrar útiveru dag hvern, þar sem við teljum mikilvægt að venjast margbreytilegri verðráttu strax í bernsku. Í fataherberginu er lögð áhersla á að börnin klæði sig sjálf úr og í og æfi þar með hreyfingar sínar.

Í valinu æfa börnin bæði fín og grófhreyfingar t.d. leikir með kubba, bíla, perla, púsla, klippa, líma, leira, þræða og fl.

Í vinnustundum æfa börnin fínhreyfingar t.d. með myndsköpun og grófhreyfingar með gönguferðum, kubbaleikjum, ýmsum hringleikjum og hreyfisöngvum.

Á föstudögum er leikfimitími sem er skipulagður af starfsfólki þá fara öll börnin í leikfimi í aldursskiptum hópum í 30 – 40 mínútur. Þannig teljum við að við eigum auðveldara með að fylgjast með hreyfifærni barnanna. Einu sinni á ári leggjum við hreyfiproskapróf fyrir börnin sem eru orðin fjögurra ára „MOT-próf“ eins og fyrr er getið.

### 4.2 Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Lengi býr að fyrstu gerð því er það mikilvægt að barn nái góðum tókum á málinu strax í bernsku.

Markmiðið með málrækt er að efla boðskiptahæfni barnsins, örva málskilning og máltjáningu þannig að orðaforði og hugtakaskilningur aukist og hugsun og hæfni til að tileinka sér nýja þekkingu þroskast.

Á Holti leggjum við áherslu á að vera góðar fyrirmyndir með því að leggja okkur fram við að tala gott íslenskt mál. Markviss málörvun er gegnum gangandi í öllu leikskólastarfi og fer fram í vinnustundum, samverustundum, hreyfistundum, kubbátímum, matmálstímum og söngstundum. Þar er lesið og við segjum sögur, hlustum, spyrjum og svörum spurningum, syngjum, förum með vísur og rím og erum með umræður. Einnig vinnum við þrisvar sinnum í viku verkefni sem byggð eru á bókinni „Markviss málörvun“. Þau verkefni byggjast upp á að þjálfra mismunandi þætti málmeðvitundar, við nálgumst efnið í gegnum leik og með markvissum æfingum.

Á Holti gerum við ritmálið sýnilegt með því að merkja ýmsa staði eins og hólfi barnanna, skápa, glugga, hurðir og höfum miða með nöfnum barnanna í vali.

Í öllum samskiptum er meðvitund og ómeðvitund málrækt í gangi.

### 4.3 Myndsköpun

Markmiðið með myndsköpun er að barnið fái tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og reynslu í skapandi starfi, kynnist mismunandi efnivið og efla fegurðarskyn og skapandi hugsun.

Myndsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill. Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli. Frjáls og skapandi myndgerð barna, eins og teikningar mótast af þroskastigi þeirra, reynslu og uppvaxtarskilyrðum. Á Holti leggjum við áherslu á myndsköpun. Pappír, litir, skæri, lím og fleira liggur alltaf frammi þannig að börnin geta nýtt sér það þegar þau vilja. Í vali er listakrókur í boði, þar er notaður mismunandi efniviður til myndsköpunar s.s. þekjulitir, fingramálning, vatnslitir, gifs, gler, leir og ýmiss konar verðlaust efni. Í vali er líka í boði leirkrókur þar notum við heimatilbúið leikdeig.

Í vinnustundum er myndsköpun mikið notuð, þá erum við gjarnan með eitthvað ákveðið þema til lengri tíma og vinnum ýmiss konar verkefni í kringum það. Í göngu og kynnisferðum er lögð áhersla á að skoða umhverfið, liti í náttúrunni, mismunandi form t.d. á húsum og mannvirkjum til að auðga hugmyndaheim barnanna og hvetja þau til fjölbreyttrar listsköpunar. Í fjöru og gönguferðum safna börnin margvíslegum efnivið sem notaður er síðar til listsköpunar. Í útivist vinna börnin með ýmis efni t.d. steina, gróður, sand, mold, snjó, vatn o.fl.

#### 4.4 Tónlist

Markmiðið með tónlistariðkun er að efla næmni barnsins fyrir hljóðum, hreyfingu, hrynjanda, tungumáli og menningu. Efla frumkvæði og frjálsa skapandi tjáningu og túlkun á tónlist.

Við teljum tónlist mikilvægan þátt í lífi hvers manns. Á Holti leggjum við sérstaka áherslu á tónlist. Við leikskólann er starfandi tónlistarkennari sem skipuleggur tíma með börnunum, hvert barn fær 30 mín. tónlistartíma einu sinni í viku með sínum hóp, fimm til tíu börn saman. Í tónlistinni leggjum við áherslu á næmni fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda. Frumkvæði og frjálsa skapandi tjáningu og túlkun á tónlist. Við vinnum með tónlistarhugtök eins og sterkt – veikt. Á Holti syngjum við mikið og reynum þá að velja gömul íslensk lög, nýja tónlist, barnalög, hreyfisöngva o.fl. Við vinnum með söng og hlustun oft á dag í tónlistartímum, samverustundum, söngstundum, vinnustundum, hvíldarstundum og í fataklefa. Í tónlistartímum er unnið út frá sönglögum og leitast er við að hafa fjölbreytt lagaval. Lagaval tekur mið af þemavinnunni. Í desember eru tónleikar í leikskólanum, þar sem nemendur úr Tónlistarskóla Reykjanesbæjar koma og leika fjölbreytta tónlist á hljóðfærin sín.

Í tónlistartímum með yngri börnunum er lögð áhersla á að kenna einföld barnalög og hreyfisöngva. Unnið er með einföldustu grunnatriði tónlistar, hratt-hægt, sterkt-veikt. Við þjálfum taktskyn og tilfinningu fyrir mismunandi hrynjanda. Börnin læra að umgangast hljóðfærin í stofunni, þekkja þau með nafni og við æfum okkur í að hlusta eftir mismunandi blæ og lærum þannig að þekkja hljóðfærin eftir heyrn.

Í upphafi vetrarstarfsins með eldri börnunum leggjum við áherslu á lög sem einkenna árstíðina..

Við rifjum upp nöfn hljóðfæra í stofunni, veltum fyrir okkur lögun þeirra og efnivið, hljómbla og spilamáta. Unnið er með hugtökin sterkt-veikt, (forte-píanó) hratt-hægt, bjart-dimmt.

Hlustunardæmi eru valin með hliðsjón af ofangreindu – og eins og ávallt, leggjum við mikla áherslu á vönduð og fjölbreytt hlustunardæmi og nýtum þau til hins ítrasta á margvíslegan máta.

Í tónlistarbókunum okkar skoðum við myndir af hljóðfærum sem við erum að hlusta á. Þegar nemendur úr Tónlistarskóla Reykjanesbæjar koma að spila fyrir okkur í desember gefst kærkomið tækifæri að sjá og heyra í mörgum af hljóðfærunum sem

við könnumst orðið svo vel við. Við hljóðsetjum ljóð og sögur, bæði okkar eigið efni og annarra.

Við leggjum mikla áherslu á að eiga góð tæki og góðan efnivið til tónlistariðkunar.

#### 4.5 Náttúra og umhverfi

Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Á Holti förum við mikið út fyrir leikskólann og skoðum okkar nánasta umhverfi, við höfum kjör aðstæður hér í Innri Njarðvík þar sem móinn, fjaran og notalegt umhverfi er rétt við bæjardyrnar. Yfir sumarmánuðina leggjum við sérstaka áherslu á göngu- og vettvangsferðir hér í kring og skoðum þá fjöruna, fuglalífið og náttúruna. Hver hópur fer tvisvar sinnum í viku í slíkar skoðunarferðir. Lögð er áhersla á fræðslu um náttúruna og fyrirbæri hennar t.d. veður, árstíðir, dýralíf og náttúruvernd. Börnin safna ýmsum hlutum úti í náttúrunni svo sem steinum, laufblöðum og skordýrum sem síðan er skoðað í smásjá eða víðsjá eða nýtt í skapandi starfi eða leik þegar heim er komið. Í gönguferðum gefast einnig tækifæri til að hlusta á hin ýmsu hljóð úr náttúrunni sem við tengjum jafnvel við vinnuna í tónlistinni. Við leggjum áherslu á góða umhugsun um umhverfið með því að safna matarúrgangi saman í tunnu og endurvinna. Við söfnum saman mjólkurförnum og pappír í sér gám og sendum í endurvinnslu. Við endurvinnum pappír og búum til okkar eigin pappír.

#### 4.6 Menning og samfélag

Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði þau eru úr ólíkum fjölskyldugerðum, og eru af ólíku bergi brotin. Leikskólinn reynir að kynna fyrir barninu menningu samfélagsins, kynna menningu annarra og viðhalda menningararfi okkar. Við förum í ýmsar könnunarferðir til að kynnst samfélaginu. Við heimsækjum bókasafnið, lögregluna, slökkvistöðina, grunnskólann, tónlistarskólann og kynnumst því sem er í okkar nánasta umhverfi.

Í leikskólanum er lögð rækt við ýmsar þjóðlegar hefðir og hátíðir. Leikskólinn er með sínar sérstöku menningarhefðir svo sem þorrablót, grímuball á öskudegi, sumarhátíð fyrir sumarfrí, jólasöngstund með helgileik, lokatónleika elstu barna, og útskriftarferð fyrir elstu börnin.

Í leikskólanum eru ákveðnar reglur sem snúast í grundvallaratriðum um samskipti, umgengni, borðsiði og flest það sem einkennir samskipti fólks í samfélögum manna. Þessar reglur og hæfni barnsins til að starfa með öðrum lærist m.a. í daglegu lífi í leikskólanum. Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á tillitsemi, vináttu og virðingu í samskiptum fólks.

Tölvur verða æ ríkari þáttur í daglegu lífi manna: í starfi, námi og tómstundaiðju. Á Holti eru tvær tölvur fyrir börnin. Þær eru staðsettar í leikstofu á elstu deildinni og boðið er upp á tölvuvinnu í vali. Í tölvunni eru forrit sem hægt er að nota á skapandi hátt. Teikniforrit til að þjálfra sig í teikningu, tónlistarforrit þar sem hægt er að leika sér með tóna og hljóð, ritvinnsluforrit þar sem hægt er að prófa sig áfram með stafi og gera þannig ritmálið sýnilegra og leikir sem innihalda þrautir og kennslu. Við leggjum áherslu á að vinnan í tölvunni sé uppgötvunarnám barnsins og að barnið kynnist tölvunni á sinn hátt. Tölvur eru góð viðbót við annað leikefni í leikskólanum og jafnar út uppeldisskilyrði þeirra barna sem ekki kynnast tölvu á heimili sínu.

## 4.7 Sérkennsla

Eitt af markmiðum leikskólastarfs er að leikskólinn sé fyrir öll börn óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu og eða trú. Börn læra á mismunandi hátt og hraða, hafa mismunandi reynslu, þroska og getu.

Þegar grunur vaknar um að eitthvað geti hugsanlega verið að hjá barni, sem hindrar það í áframhaldandi þroska, eða hamlar því á einhvern hátt í starfi, hefst ferli sem byrjar hjá deildarstjóra viðkomandi deildar. Fyrst er umhverfi barnsins á deildinni athugað, hvort að það hamli barninu á einhvern hátt og ýmsar leiðir athugaðar. Ef það er ekki, eru foreldrar boðaðir í viðtal og sameiginleg niðurstaða fengin, ef þurfa þykir er send beiðni til Fræðsluskrifstofu um aðstoð sérfræðings við mat á stöðu barnsins, hvort ástæða sé til að barnið njóti sérkennslu. Deildarstjórar halda utan um sérkennslu og sjá um gerð einstaklingsnámskrár í samvinnu við stuðningsaðila.

## 4.8 Tengsl leikskóla og grunnskóla

Elstu barna verkefni er vinna sem elsti árgangur leikskólans vinnur í vinnustundum. Byrjað er strax að hausti og áherslan er lögð á verkefni sem krefjast lengri einbeitingar og framhaldsvinnu. Ítt er undir ímyndunarafli, áhuga, virkni og reynslu barnsins þar sem leikgleðin fær að njóta sín enda besta leiðin að menntun og þroska barnsins. Mikil áhersla er á að verkefnin séu leikskólamiðuð og hugsuð sem undirbúningur fyrir skólagöngu.

Gott samstarf hefur verið við okkar heimaskóla Njarðvíkurskóla. Í október hittast kennarar elstu barnanna, árgangastjóri og kennarar fyrsta bekkjar Njarðvíkurskóla. Þar bera leikskólakennarar og grunnskólakennarar saman bækur sínar, ræða hvað þarf að leggja mesta áherslu á og hvernig samstarfinu verður háttað þann veturinn. Byrjað er á gagnkvæmum kennaraheimsóknum þar sem kennarar kynna sér kennsluáðferðir á hvorum stað. Elstu börnin fara í heimsókn í grunnskólann tvisvar til þrisvar yfir skólaárið og fyrstu bekkingar koma í heimsókn í leikskólann einu sinni yfir skólaárið. Þessar heimsóknir eru til að auðvelda barninu þær breytingar er verða óneitanlega þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla.

# 5. Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi

Markmið með foreldrasamstarfi er að stuðla að góðu samstarfi milli heimilis og leikskóla. Mikilvægt er að góð samvinna og traust sé milli foreldra og starfsfólks. Gott upplýsingastreymi þarf að eiga sér stað milli þessara aðila til að samskipti verði sem ánægjulegust. Við viljum að foreldrar finni að þeir séu velkomnir í leikskóla barnsins.

Leikskólinn er alltaf opinn foreldrum og þeim er velkomið að koma og fylgjast með starfi og leik, einnig að hringja og spyrjast fyrir um líðan barnsins.

Áhersla er lögð á dagleg samskipti við alla foreldra. Fréttabréf eru gefin út á tveggja mánaða fresti og auglýsingar settar á töflu í forstofu ef eitthvað sérstakt er í gangi.

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi.

## 5.1 Að byrja í leikskóla - Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Á meðan á aðlöguninni

stendur er mikilvægt að foreldrar kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni.

Þegar barn byrjar á Holti eru foreldrar boðaðir í viðtal við leikskólastjóra þar sem starfsemi leikskólans er kynnt. Í viðtalinu fá foreldrar nauðsynlegar upplýsingar um dagskrá, reglur og venjur í leikskólanum og foreldrar gefa upplýsingar um barnið, aðstæður þess og þarfir. Þá tekur deildarstjóri við og kynnir starf deildarinnar og starfsfólk ásamt því að skipuleggja aðlögun viðkomandi barns. Í fyrstu heimsókn koma foreldrar og barn saman og skoða leikskólann. Þessi fyrsta heimsókn barnsins varir í um það bil klukkustund. Það er einstaklingsbundið hversu langan tíma aðlögunin tekur, yfirleitt um eina viku. Á meðan aðlögun stendur yfir er mikilvægt að foreldrar kynnist starfsfólki deildarinnar, þannig leggjum við grunn að samvinnu og samstarfi foreldra og starfsfólks.

Þegar börn flytjast á milli deilda sjá deildarstjórar viðkomandi deilda um aðlögunina.

## **5.2 Foreldrafundir og viðtöl**

Deildarstjórar eru með viðtals tíma einu sinni í viku, foreldrar geta óskað eftir viðtali og rætt hagi barnsins síns í skólanum. Allir foreldrar eru boðaðir í viðtal einu sinni yfir skólaárið í afmælistímanum barnsins. Fyrir þessum viðtöl hafa kennarar gert athugun á barninu, stöðu þess og líðan. Við hvetjum foreldra til að nýta sér þessi viðtöl og vita hvernig barninu gengur í skólanum og koma upplýsingum til kennara um líðan barnsins heima.

Foreldrafundur er haldinn í október og þá fer fram kynning á vetrarstarfi leikskólans. Foreldrum gefst þá kostur á að fylgjast með starfinu og koma á framfæri óskum og hugmyndum um starfsemina.

## **5.3 Foreldradagar**

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og geta tekið þátt í starfinu og fylgst með barni sínu í leik. Sérstakir foreldradagar eru jólasöngstund, vorhátíð, Dagur íslenskrar tungu og ömmu- og afadagur.

## **5.4 Foreldrafélag**

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag. Foreldrar verða sjálfkrafa félagar í foreldrafélaginu þegar barn þeirra byrjar í leikskólanum.

Stjórn félagsins er kjörin á aðalfundi sem haldinn er að hausti ár hvert. Fulltrúar skulu vera tveir frá hverri deild og einnig situr í stjórn fulltrúi starfsmanna sem er tengiliður milli stjórnar og leikskólans. Landssamtök foreldrafélaga styðja við bakið á foreldrafélögum og veita ýmsar upplýsingar er varðar starf foreldrafélags.

## **5.5 Starf foreldrafélags**

Foreldrafélag leikskólans er mjög virkt og hefur gert margt skemmtilegt. Foreldrar greiða í sjóð vissa upphæð á ári, sem notaður er til að halda jólaball og fleiri hátíðir. Yfirleitt hafa þetta verið vel heppnaðar skemmtanir sem foreldrafélagið hefur staðið fyrir. Það er gaman fyrir börnin að hittast fyrir utan leikskólann og foreldrana að hittast og tala saman. Stjórn félagsins leggur fram skýrslu yfir bókhald félagsins á aðalfundi ár hvert og geta þá foreldrar séð í hvað peningar sjóðsins fóru.

## 6. Mat á leikskólastarfinu

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskóla og utan. Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og aðalnámskrá leikskóla. Á Holti er innra mat á starfi skólans unnið á eftirfarandi hátt.

### 6.1 Mat foreldra

Á foreldrafundum er lögð fram könnun um viðhorf og óskir foreldra til leikskólans, þar gefst foreldrum tækifæri á að láta sínar skoðanir í ljós og svara spurningalista um starf skólans. Viðhorfskönnun á vegum leikskólafulltrúa er lögð fyrir foreldra allra leikskólabarna í Reykjanesbæ. Könnunin fer fram á tölvutæku formi og niðurstöður eru birtar opinberlega.

### 6.2 Mat starfsfólks

Að vori svarar starfsfólk sérstökum spurningalista til að meta starf vetrarins og samskipti við börnin, foreldra og starfsfólk innbyrðis.

Starf leikskólans er í stöðugri endurskoðun og á starfsmannafundum er rætt hvað hefur gengið vel og hvað betur mætti fara og gerðar breytingar í samræmi við það. Með þessu endurmati er reynt að draga fram styrkleika og veikleika í starfinu.

Formleg starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári milli starfsmanna og leikskólastjóra.

## 7. Hagnýtar upplýsingar

### 7.1 Fjöldi barna

Í skólanum geta verið 92 börn samtímis. Boðið er upp á breytilegan vistunartíma, hægt er að velja um 4, 5, 6, 8 og 9 tíma vistun.

### 7.2 Opnunartími

Skólinn er opnaður kl. 7:30 á morgnana og er opinn til kl. 17:15. **Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að virða þann vistunartíma sem þeir hafa samið um í upphafi.**

### 7.3 Viðtalstímar

Leikskólastjóri hefur fastan viðtalstíma frá kl. 11:00 til 13:00 alla daga. Aðstoðarleikskólastjóri hefur viðtalstíma á fimmtudögum frá kl. 13:00-14:00. Deildarstjóri á Koti hefur viðtalstíma á föstudögum frá kl. 13:00-14:00, deildarstjóri á Hlíð hefur viðtalstíma á mánudögum frá kl. 8:00-9:00, deildarstjóri á Lundi hefur viðtalstíma á þriðjudögum frá kl. 13:00-14:00. Hægt er að fá viðtalsíma á öðrum tíma ef foreldrar þurfa.

### 7.4 Fjarvistir

Vinsamlegast tilkynnið ef barn er fjarverandi vegna veikinda eða vegna annarra orsaka.

## 7.5 Fréttabréf

Fréttabréf eru gefin út á tveggja mánaða fresti. Foreldrar fá upplýsingar um það helsta sem er að gerast í leikskólanum og ýmsum hagnýtum upplýsingum er komið til foreldra. Hægt er að lesa fréttabréfin á heimasíðu leikskólans, slóðin er <http://holt.rnb.is>.

## 7.6 Óskilamunir

Foreldrar eru beðnir um að líta reglulega í körfuna með óskilamunum og athuga hvort eitthvað sé þar sem börn þeirra eiga. Nauðsynlegt er að merkja föt barnanna vel t.d. er hægt að kaupa sérstaka miða til að merkja föt þar sem fram kemur nafn barnsins og símanúmer.

## 7.7 Matseðill

Matseðill vikunnar hangir á töflu í anddyri leikskólans og er einnig á vefsíðu leikskólans. Lögð er áhersla á fjölbreytta og holla fæðu.

Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar.

## 7.8 Lögregla - slökkvilið

Lögreglan kemur í heimsókn til okkar tvisvar sinnum á ári, á haustin og á vorin. Lögreglan spjallar við börnin um ýmislegt er varðar öryggi þeirra í umferðinni. Gott er líka að börnin kynnist lögreglunni, sjái að þetta eru bara "venjulegir" menn sem ekki þarf að hræðast.

Gott samstarf hefur verið við Brunavarnir Suðurnesja. Brunaæfingar hafa verið einu sinni á ári með börnum og starfsfólki leikskólans.

## 7.9 Leikskólagjöld

Vistgjöld eru greidd fyrirfram. Hægt er að velja sér greiðsluform, beingreiðslur í banka eða greiðslukort. Sé skuld foreldra orðin tveir mánuðir eða meira, eiga þeir á hættu að barn þeirra missi plássíð. **Uppsagnarfrestur er einn mánuður. Athugið að gjaldið lækkar ekki þó barnið sé í fríi eða veikt í einhvern tíma.**

## 7.10 Ferðir

Oft er farið í ferðir út fyrir leikskólann svo sem í gönguferðir um bæinn eða í lengri ferðir. Þá förum við með börnin í strætisvagni.

## 7.11 Frídagar

Þrjú skipulagsdagar eru á ári. Þá er leikskólinn lokaður, dagarnir eru nýttir til faglegrar vinnu og endurmenntunar. Foreldrum er tilkynnt um þessa daga með mánaðar fyrirvara. Leikskólinn er lokaður 24 virka daga vegna sumarleyfa. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgdag.

## 7.12 Fatnaður

Þar sem leikskólinn er vinnustaður barnanna er nauðsynlegt að klæðnaður barnanna sé í samræmi við það. Börnin eru að vinna með margs konar efni og alltaf geta orðið óhöpp. **Nauðsynlegt er að börnin hafi með aukaföt í töskunni.** Klæðnaður skal alltaf vera í samræmi við veðurfar. Nauðsynlegt er að hafa góð útiföt s.s. stígvél, regnföt og hlýjan fatnað. **Mjög gott er að merkja allan fatnað þá eru minni líkur á að eitthvað glatist.** Við leggjum mikla áherslu á að þjálfar börnin sem mest í að klæða sig sjálf.

### **7.13 Óhöpp - slys**

Í stórum barnahóp geta alltaf orðið óhöpp. Ef barn meiðir sig það illa hjá okkur að við teljum þörf á að láta lækni skoða barnið, þá reynum við strax að hafa samband við foreldra svo þeir geti verið með barni sínu hjá læknum. Börn í leikskólum Reykjanesbæjar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum.

### **7.14 Afmæli barnanna**

Afmælisdagur er stór dagur fyrir barnið. Haldið er upp á hann í leikskólanum. Það sama á við þegar barn hættir í leikskólanum. Mikilvægt er að samvinna sé á milli leikskólans og foreldranna um hvernig haldið er upp á þessa daga.

### **7.15 Ársskýrsla – Leikskólanámskrá - Ársyfirlit**

Leikskólinn vinnur ársskýrslu, ársyfirlit og skólanámskrá fyrir hvert starfsár. Skýrslur liðins árs liggja frammi hjá leikskólastjóra og er einnig að finna á vefsíðu skólans.

**Allt starfsfólk leikskólans kom að vinnu við gerð þessarar skólanámskrár.**